

Reglur um notkun á tölvukerfi safnsins í lesherbergjum Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns

Reglurnar miða að því að safngestur geti notfært sér þann búnað og þá þjónustu sem safnið býður á greiðan, einfaldan og öruggan hátt.

Safngesti er skylt að kynna sér reglurnar.

Aðgangur að tölvubúnaði, tölvuneti, gögnum og þeirri tölvuþjónustu sem safnið veitir er ætlaður til eflingar náms, kennslu, rannsókna og samneytis og samskipta háskóla og fræðimanna.

Tölvubúnað, tölvunet, gögn og tölvuþjónustu ber að nota heiðarlega, siðlega og löglega. **Hver safngestur ber ábyrgð á sinni notkun.**

Safngestur skal gera það sem í hans valdi stendur til að tryggja öryggi tölvubúnaðar safnsins. Virða ber friðhelgi annarra og fara í einu og öllu eftir höfundaréttarákvæðum um hugbúnað, forrit og gögn sem notuð eru. Virða ber reglur einstakra neta og upplýsingaveitna og reglur sem tölvudeild safnsins setur.

Safngestur skal halda umfangi gagna sem flutt eru um Netið í hófi (**hámark gagnaflutnings er 100mb á dag**), þannig að möguleikar annarra safngesta til að nota Netið skerðist ekki, og til að safnið verði ekki fyrir óeðlilegum kostnaði. Fari umfang gagna uppfyrir þessi mörk ber safngesti að greiða sem nemur 2kr á hvert umfram mb.

Óheimilt er að reyna að komast yfir gögn eða hugbúnað í eigu annarra nema skýrt leyfi sé fyrir hendi.

Óheimilt er að breyta eða reyna að breyta hugbúnaði eða gögnum hjá öðrum eða hafa á annan hátt áhrif á notkunarmöguleika þeirra.

Óheimilt er að breyta, færa til eða fjarlægja vélbúnað, hugbúnað eða gögn sem eru í eigu safnsins, nema með skýru leyfi tölvureksturs safnsins.

Óheimilt er að koma með sinn eigin tölvubúnað (skanna, prentara, skjá og borðtölvu).

Óheimilt er að nota tölvubúnað safnsins í viðskiptalegum tilgangi án sérstaks leyfis.

Uppsetning á hugbúnaði er ávallt á ábyrgð safngests og ber safnið því ekki ábyrgð á tjóni sem notkun eða uppsetning kann að valda.

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn ber ekki ábyrgð á tjóni sem kann að skapast vegna tengingar við Netið eða sambandsleysis við það. Safngestur ber sjálfur ábyrgð á afritatöku af þeim gögnum sem hann er að vinna með hverju sinni. Safnið ber ekki ábyrgð á tjóni sem þriðji aðili kann að valda.

Ef í ljós kemur misnotkun á búnaði eða þjónustu Landsbókasafns getur safnið neyðst til að synja safngesti um þjónustu um stundarsakir eða til frambúðar.

[Tölvurekstur LBS - HBS \(help@bok.hi.is\)](mailto:help@bok.hi.is)